

# Starfsáætlun Hrafnagilsskóla

2025-2026

## Inngangur

Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, starfsáætlun sem birtir upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og skólanámskrá sem birtir almenna stefnumörkun skólans. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og skal hann semja hana í samráði við kennara og aðra starfsmenn, sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja henni. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Skólanefnd og skólaráð fjalla um skólanámskrá ár hvert. Eftir að skólaráð fær skólanámskrá til umsagnar staðfestir skólanefnd gildistöku þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

## Efnisyfirlit

|                                          |    |
|------------------------------------------|----|
| Inngangur                                | 1  |
| Efnisyfirlit                             | 2  |
| Hrafnagilsskóli                          | 4  |
| Information in English                   | 4  |
| Starfsáætlun nemenda                     | 4  |
| Skipulag skólaársins                     | 4  |
| Viðmiðunarstundaskrá                     | 5  |
| Próf og skimanir                         | 5  |
| Skóladagatal                             | 5  |
| Starfsfólk skólans                       | 5  |
| Þróunarverkefni                          | 7  |
| Tómstundahringekja                       | 8  |
| Bókasafn                                 | 8  |
| Mötuneyti                                | 8  |
| Skólabílar                               | 9  |
| Öryggistæki                              | 9  |
| Bífhjól                                  | 9  |
| Gæsla                                    | 9  |
| Tryggingar                               | 9  |
| Öryggisnefnd                             | 9  |
| Nemendaráð                               | 10 |
| Ungmennaráð                              | 10 |
| Félagsmiðstöðin Hyldýpið                 | 11 |
| Skólaferðalag 10. bekkjar                | 11 |
| Fjáröfnun í ferðasjóð                    | 11 |
| Foreldrasamstarf                         | 11 |
| Heimasíða                                | 12 |
| Kynningarfundir og foreldrafulltrúar     | 12 |
| Mat á skólastarfi                        | 12 |
| Samskipti milli heimila og skóla         | 12 |
| Hagnýtar upplýsingar                     | 12 |
| Skólaakstur                              | 12 |
| Upplýsingar vegna veðurs og aksturs      | 13 |
| Frístund                                 | 13 |
| Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum | 14 |
| Símafrí                                  | 14 |
| Símtöl                                   | 14 |
| Heimsóknir eftir skóla                   | 14 |
| Fatnaður og óskilamunir                  | 14 |
| Forföll kennara                          | 14 |
| Nesti                                    | 15 |
| Opnun skóla                              | 15 |

|                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| Óveður eða ófærð                     | 15        |
| Námsgögn og skólabækur               | 15        |
| Skólahúsnæði                         | 15        |
| Skólalóð                             | 15        |
| Skrifstofa                           | 16        |
| Útivist og klæðnaður                 | 16        |
| Heilsugæsla                          | 16        |
| <b>Móttöku- og tilfærsluáætlun</b>   | <b>16</b> |
| <b>Rýmingaráætlun</b>                | <b>16</b> |
| Samstarfsaðilar                      | 16        |
| Tónlistarskóli Eyjafjarðar           | 16        |
| Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar    | 17        |
| Ungmennafélagið Samherjar            | 17        |
| Leikskólinn Krummakot                | 17        |
| Aðrir samstarfsaðilar                | 18        |
| Sérfræðiþjónusta                     | 18        |
| Símenntunaráætlun                    | 18        |
| Skólaárið 2025 – 2026                | 18        |
| Skólaráð                             | 19        |
| <b>Áætlun um innra mat</b>           | <b>20</b> |
| I hluti – Stjórnun og fagleg forysta | 20        |
| II hluti – Náms og kennsla           | 20        |
| III hluti – Innra mat                | 20        |

## Hrafnagilsskóli

Hrafnagilsskóli er einn af fjölmennustu skólum sem starfa í dreifbýli á Íslandi með 195 nemendur. Skólinn og sú aðstaða sem fyrir hendi er gerir staðinn að miðstöð sveitarfélagsins í mörgu tilliti. Þar er góð íþróttaaðstaða, aðalstöðvar Tónlistarskóla Eyjafjarðar og bókasafn Eyjafjarðarsveitar er innan skólahússins.

Við skólann starfa 23 kennarar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Einnig starfa við skólann iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, sjö stuðningsfulltrúar, fimm skólaliðar, starfsmenn í frístund, húsverðir, ritari, bókavörður og hjúkrunarfræðingur í 20% stöðu. Að auki starfa sex bílstjórar hjá Sérleyfisbílum Akureyrar og þrír starfsmenn við mótuneytið sem rekið er af Eyjafjarðarsveit með samningi við Snæbjörn Kristjánsson. Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar sjá um baðvörslu í búningsklefum. Samanlagður fjöldi þeirra sem hér starfa bæði barna og fullorðinna er yfir 200 manns og er skólinn fjölmennasti vinnustaður sveitarfélagsins.

## Information in English

Hrafnagilsskóli is a small school in north regional Iceland. The school has 187 students in grades 1-10 and approximately 40 staff members. The children come from various backgrounds, living on a farm, in the countryside or in a small neighbourhood near the school. Hrafnagilsskóli is a public school whose staff takes pride in giving every student a chance to learn as best suits them.

Hrafnagilsskóli has received the Icelandic Teaching Award for outstanding methods and the Green Flag Environmental Award. Today the school emphasises outdoor education, sustainability and health strengthening of both the students and the staff, both mentally and physically. The school area offers great possibilities for outdoor learning. There is a river nearby, mountains and a wooden area where there is, for example, a fireplace, shed, and footpath. All students get an opportunity to go outside and enjoy this area, learn more about nature and get a different approach to other school subjects by getting outside with their teacher. Each spring, staff and students work together on a collaborative outdoor theme, where students get an opportunity to do something different in this outstanding environment with all their schoolmates.

## Welcoming new students

When a new student starts at Hrafnagilsskóli the school makes sure to make him feel welcome and give him and his parents all the necessary information. Parents are invited to a meeting with the class teacher and the School Administrators, who are responsible for enrolling a new student. This meeting allows them to get acquainted with the student, his parents and their background. Following the meeting, a tour of the school is provided for the parents and the student to help them get familiarised with the faculty. To ensure that the new student feels as comfortable as possible, classmates are asked to act as guides during the first few days, offering support and help.

## Starfsáætlun nemenda

### Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustið hefst 22. ágúst og lýkur fyrir jól. Vorönn stendur frá 5. janúar til loka skólaársins og síðasti skóladagur nemenda er 4. júní. Skólaslit verða 5. júní 2026.

## Viðmiðunarstundaskrá

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

|                 |                                                                        |
|-----------------|------------------------------------------------------------------------|
| 1. - 4. bekkur  | 30 kennslustundir + 4 stundir í tómstundahringekju, 1 stund í forskóla |
|                 | =35 kennslustundir                                                     |
| 5. - 7. bekkur  | =35 kennslustundir                                                     |
| 8. - 10. bekkur | =37 kennslustundir                                                     |

Miðað er við 40 mínútna kennslustundir. Í 1. - 4. bekk eru kennslustundir fimm fleiri en lágmark aðalnámskrár grunnskóla segir til um. Þessi viðbótartími er tilkominn vegna einnar kennslustundar í forskóla sem er í samvinnu við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og tómstundahringekju sem er til að jafna aðstöðu yngstu barna til tómstundaiðkunnar.

## Próf og skimanir

Yfirlit yfir próf og skimanir er að finna í skólanámskrá.

## Skóladagatal

Jólaeyfi hefst að loknum litlu jólum 19. desember og hefst vorönnin mánudaginn 5. janúar. Starfsdagar eru fimm yfir starfstíma nemenda; fimmtu- og föstudagana 16. og 17. október, föstudaginn 2. janúar, mánudaginn 2. febrúar og föstudaginn 5. júní. Vetrarleyfi verður í fjóra daga, 20. og 21. október á haustönn og 19. og 20. febrúar á vorönn. Föstudagurinn 14. nóvember er tvöfaldur vinnudagur starfsfólks en þá er haldin hátíð í skólanum eftir hádegi. Miðvikudaginn 18. febrúar (öskudag) vinna kennarar af sér á tvöföldum sprengidegi. Síðasti kennsludagur fyrir páskaleyfi er 27. mars og hefst kennsla að nýju þriðjudaginn 7. apríl. Kennsludagar samkvæmt skóladagatali eru 180. Tíu dögum er ráðstafað til annars konar skólastarfs og gert er ráð fyrir þremur dögum í foreldrasamtöl í skólanum.

## Helstu viðburðir skólaársins

- Skólasetning er 22. ágúst.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn 14. nóvember.
- Danssýning eldri nemenda er í nóvember og yngri nemenda á vorönn.
- Hátíðarkvöldverður nemenda á unglingastigi og starfsfólks er 18. desember.
- Litlu jólin eru 19. desember.
- Árshátíðir, ein á hverju aldurstigi;
  - unglingastig 23. janúar.
  - miðstig 12. mars.
  - yngsta stig 13. febrúar.
- Sprengidagshátíð er 17. febrúar.
- Skólaslit eru föstudagseftirmiðdaginn 5. júní.

## Starfsfólk skólans

Adda Bára Hreiðarsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Anna Helga Tryggvadóttir, skólaliði  
Ariel Uni Einvarðsson, stuðningsfulltrúi/skólaliði/starfsmaður í frístund  
Arnbjörg Jóhannsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Arnór Gauti Kristinsson, skólaliði og starfsmaður í frístund  
Auðurún Aðalsteinsdóttir, enskukennari  
Ástrós Guðmundsdóttir umsjónarkennari í 2. bekk

Bjarnfríður Magnúsdóttir íþróttakennari og kennari á miðstigi  
Björk Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri  
Dagmar Þóra Sævarsdóttir, sérkennari  
Davíð Ragnar Ágústsson, umsjónarmaður fasteigna  
Dóra Hrönn Gústafsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Einar Gíslason, myndmenntakennari  
Elva Díana Davíðsdóttir, umsjónarkennari í 7. bekk  
Eyrún Lind Árnadóttir, íþróttakennari, fæðingarorlof  
Gabriel Lukas Freitas Meira, stuðningsfulltrúi/skólaliði/starfsmaður í frístund  
Guðný Jóhannesdóttir, umsjónarkennari í 5. bekk.  
Hallgrímur Ævarsson, húsvörður  
Hans Rúnar Snorrason, verkefnastjóri í upplýsingamennt og kennari  
Hjördís Óladóttir, umsjónarkennari í 1. bekk  
Hulda Björk Snæbjarnardóttir, umsjónarkennari í 6. bekk  
Ingileif Ástvaldsdóttir, heimilisfræðikennari  
Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, í leyfi  
Jóhanna Elín Halldórsdóttir, danskennari  
Katrín Sigurðardóttir, þroskaþjálfari  
Katrín Lóa Traustadóttir, umsjónarkennari í 4. bekk  
Katrín Úlfarsdóttir, kennari í textílmennnt  
Konny Bjargey Benediktsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Kristín Sigurðardóttir, umsjónarkennari í 3. bekk  
Laufey Kristjánsdóttir, stuðningsfulltrúi  
Lísbet Patrisía Gísladóttir, umsjónarkennari í 7. bekk  
Margrét Baldvina Aradóttir, umsjónarmaður bókasafns  
Margrét Hrunn Kristjánsdóttir, umsjónarkennari í Bjargey  
Margrét Rós Sigurðardóttir, iðjuþjálfari  
Marta Þórudóttir, skólaliði og umsjón með frístund  
Nanna Árný Jónsdóttir, skólaritari  
Óðinn Ásgeirsson, umsjónarkennari í 10. bekk  
Ólöf Ása Benediktsdóttir, skólastjóri  
Páll Þorgeir Pálsson, umsjónarkennari í 8. bekk  
Rebekka Kühnis, smíðakennari  
Silja Garðarsdóttir, tónmenntakennari  
Sunna Björg Valsdóttir, húsvörður  
Thelma Rán Brynjarsdóttir, stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund  
Tinna Sigurgeirsdóttir, umsjón með skólaliðum  
Tryggvi Jóhann Heimisson, íþróttakennari  
Vilborg Birna Þorsteinsdóttir, umsjónarkennari í 9. bekk  
Þorbjörg Otta Jónasdóttir, stoðkennari á yngsta stigi  
Þorgerður Hauksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

## Stjórnun

### *Skólastjórar*

Ólöf Ása Benediktsdóttir skólastjóri  
Björk Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri

Skólanum er skipt á 3 stig. Á yngsta stigi er 1. - 4. bekkur, á miðstigi 5. - 7. bekkur og unglingastigi 8. - 10. bekkur. Stigstjóri er yfir hverju stigi og veturinn 2025 – 2026 eru fjórir stigstjórar:

- Hjördís Óladóttir á yngsta stigi
- Lísbet Patrisía Gísladóttir á miðstigi
- Páll Þorgeir Pálsson á unglingastigi
- Silja Garðarsdóttir í list- og verkgreinum.

## Þróunarverkefni

Á eftirtöldum sviðum er unnið skipulega að innleiðingu og þróun:

### Fagleg umræða og starfshættir

- Í skólanum starfa fjögur fagteymi:
  - Jákvæður agi.
  - Tækni og heimasíða.
  - Læstisteymi.
  - Aldíslundur og umhverfismennt.

Teymin funda reglulega og vinna að umbótum og þróun á þessum sviðum.

### Bundið val á unglingastigi

- Ákveðið var að breyta til varðandi skipulag á valgreinum á unglingastigi. Sex kennslustundir á viku er áætlaðar í valgreinar, tvær af þeim fara fram utan skólatíma og skólinn metur þær í samvinnu við foreldra. Tvær kennslustundir nefnast bundið val en þá er öllum nemendum unglingastigs skipt í fimm hóp (u.þ.b. 12-13 nemendur í hóp) sem skiptast á að fara á fimm ólíkar stöðvar yfir veturinn (u.þ.b. sjö skipti á hverja stöð). Í tveimur kennslustundum á viku geta nemendur sjálfir valið á milli fimm mismunandi valgreina.
- Val utan skólatíma: Nemendur geta nýtt íþróttaiðkun, tónlistarnám, skátastarf, björgunarsveitarstarf og fleira sem valgrein utan skóla. Einnig geta nemendur sem þess óska fengið metna vinnu innan heimilis eða aðstoð við störf sem falla til á heimilum þeirra eins og t.d. að fara í fjós, passa systkini, fara reglulega út að ganga með hund eða regluleg þrif. Foreldrar gera samning ásamt kennara og nemanda um það sem þeir ætla að fá metið í þessar tvær kennslustundir.
- Í bundna valinu fara nemendur á fimm stöðvar:
  - Heimilisfræði (Ingileif).
  - Tónlist (Silja og Bjarnfríður).
  - Sveitasæla (Óðinn og Berglind).
  - Náms- og starfsfræðsla (Vilborg).
  - Betri líðan (Ástrós).
- Í hefðbundnum valgreinum velja nemendur tvisvar sinnum á önn þar sem hvor önn skiptist í tvær lotur. Þær sem valgreinar sem eru í boði veturinn 2025-2026 eru:
  - Veiðival.
  - Jóga.
  - Námsaðstoð.
  - Listasmiðja.
  - Boltagreinar.
  - Skólahreysti
  - Textílmennt.

### Samstarf heimila og skóla.

- Í fyrra var efnt til svokallaðra foreldrastefnumóta þar sem foreldrar og forráðamenn í hverjum bekk hittust í skólanum með umsjónarkennara og öðrum starfsmanni. Markmið foreldrastefnumóta er að veita foreldrum og forráðamönnum vettvang til að hittast augliti til auglitis, kynnast, segja frá eigin börnum og heyra af öðrum. Verkefnið var metið af kennurum og foreldrum og var ákveðið út frá þeim gögnum að festa í sessi foreldrastefnumót í fjórum árgöngum, í 1., 3., 5. og 8. bekk. Auk þess geta kennarar úr öðrum bekkjum óskað eftir foreldrastefnumótum í samráði við stjórnendur.
- Á síðasta skólaári sendu stjórnendur frá sér fjögur fréttabréf, tvö á hvorri önn til þess að efla upplýsingaflæði til foreldra og forráðamanna. Þetta verklag hefur verið fest í sessi.

### **Tómstundahringekja**

Skóladagur nemenda á yngsta stigi er lengdur um fjórar kennslustundir á viku. Þeir tímar kallast tómstundahringekja og er frjáls leikur, listastarf og hreyfing í forgrunni. Nemendum er skipt í aldursblandaða hópa og fara hóparnir í leiki úti og inni, föndur og frjálsan leik í frístund.

Markmið með tómstundahringekjunni eru m.a.:

- Að leitast við að jafna aðstöðu barna í Eyjafjarðarsveit til íþróttar- og tómstundastarfs.
- Að auka hreyfingu og frjálsan leik nemenda í skólasterfinu.
- Að allir skóladagar séu jafn langir hjá yngstu nemendum eða til klukkan 14:00 og draga úr viðveru ungra barna á heimilum án eftirlits fullorðins einstaklings.

### **Bókasafn**

Bókasafn Eyjafjarðarsveitar er bæði skólabókasafn og almenningssafn. Opnun safnsins er þriðjudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00- 14:00 fyrir skólafólk en fyrir almenning, þriðju- og miðvikudaga frá 14:00 - 17:00, fimmtudag frá 14:00 - 18:00 og föstudaga frá kl. 14:00 - 16:00. Bókasafnið er lokað almenningi á mánudögum.

#### **Markmið bókasafnsins eru meðal annars:**

- Að safnkostur sé aðgengilegur nemendum og starfsfólki skólans sem og öðrum íbúum sveitarinnar og hafi fræðslu- og uppeldislegt gildi jafnframt því að vera til skemmtunar.
- Að veita nemendum fræðslu og þjálfun í notkun safna, öflun upplýsinga og úrvinnslu þeirra.
- Að örva áhuga nemenda og annarra íbúa sveitarinnar á notkun safnefnis til fróðleiks og skemmtunar.

Nemendur í 1. - 4. bekk koma reglulega í heimsókn á safnið og fá þjálfun í notkun safnsins, kynningu á safnkosti og kennslu í uppröðun og skipulagi safna. Aðrir bekkir hafa aðgang að bókasafninu og fá verklega þjálfun og kynningu á safnefninu.

### **Mötuneyti**

Snæbjörn Kristjánsson, matreiðslumaður sér um rekstur mötuneytis Hrafnagilsskóla. Skólamáltíðir eru ókeypis fyrir alla nemendur en foreldrar greiða fyrir ávaxtaáskrift barna sinna og er einn gjalddagi á hvorri önn.



## Öryggismál

### Skólabílar

Í skólabílunum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Samkvæmt umsögn Umferðarstofu til skólanefndar Eyjafjarðarsveitar eiga bílstjórar að minna nemendur á að nota beltin og er skylt að setja upp merki í bílunum til að minna á beltanotkun en ekki er hægt að gera kröfu til þess að bílstjóri fylgist með því hvort fyrirmælum er hlýtt. Það er því mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

### Öryggistæki

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera **endurskinsmerki**. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

### Bífhjól

Nemendum með próf á létt bífhjól er heimilt að koma á hjólinu til og frá skóla en ekki að nota hjólið á skólatíma.

### Gæsla

Utan kennslustunda eru skólaliðar við gæslu úti á skólalóð, á göngum og í félagsmiðstöð unglunga. Í löngu frímínútunum eru starfsmenn (kennarar og skólaliðar) við gæslu á skólalóð. Í búningsklefum eru starfsmenn íþróttahúss og skólaliðar við gæslu.

### Tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatriggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Skólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn á slysadeild ef slys verður á skólatíma og tryggingar greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi.

Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða sannarlega vanrækslu af hálfu skólans.

## Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd situr einn fulltrúi starfsfólks sem nefnist öryggistrúnaðarmaður og kosinn er á fyrsta starfsmannafundi skólaársins, öryggisvörður er skipaður af skólastjóra og skólastjóri. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Tryggvi Jóhann Heimisson öryggistrúnaðarmaður.

Davíð Ragnar Ágústsson öryggisvörður.

Ólöf Ása Benediktsdóttir skólastjóri.

Nefndin fundar þrisvar á hverju skólaári.

## Nemendaráð

Í nemendaráði sitja eftirtaldir nemendur:

8. bekkur: Fannar Nói Fannarsson og Halldóra Brá Hákonardóttir

Til vara: Stefán Geir Aronsson og Anný Henrietta Knútsdóttir

9. bekkur: Halldór Ingi Guðmundsson og Ragnheiður Birta Dýradóttir fyrir áramót/Rakel Sara

Reynisdóttir eftir áramót.

Til vara: Bjarni Egill Sigtryggsson

10. bekkur: Haukur Skúli Óttarsson og Kristín Harpa Friðriksdóttir

Til vara: Ragnheiður Birta Hákonardóttir og Þórarinn Karl Hermannsson

## Ungmennaráð

Haukur Skúli Óttarsson, Kristín Harpa Friðriksdóttir, Halldór Ingi Guðmundsson, Ragnheiður Birta Dýradóttir og Halldóra Brá Hákonardóttir.

Til vara: Fannar Nói Fannarsson.

## Félagslíf

Yngsta stig:

- Bekkjarsamkomur eru í umsjón foreldra hvers bekkjar. Æskilegt er að miða við a.m.k. tvö skipti á vetri.
- Nemendur í 4. bekk fara í dagsferð á vordögum.

Miðstig:

- Íþrótt- og leikjadagur er haldinn einu sinni til tvisvar á vetri.
- Bekkjarsamkomur eru í umsjón foreldra hvers bekkjar. Æskilegt er að miða við a.m.k. tvö skipti á vetri.
- Nemendur í 7. bekk fara í fjögurra daga dvöl í skólabúðunum að Reykjum í Hrútafirði.
- Félagsmiðstöðin Hyldýpið er með miðstigsopnun tvisvar í viku frá kl. 14:00 - 16:00.

Unglingastig:

- Nemendur unglingastigs fara í bæjarferð í desember.
- Hátíðarkvöldverður og ball er haldið kvöldið fyrir litlu jólin.
- Nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag að vori í fjóra daga.
- Bekkjarsamkomur eru í umsjón foreldra hvers bekkjar. Æskilegt er að miða við a.m.k. tvö skipti á vetri.
- Að öðru leyti er félagslíf á vegum félagsmiðstöðvarinnar Hyldýpis.

## Félagsmiðstöðin Hyldýpið

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er Karl Jónsson. Umsjónarmaður er Sunna Björg Valsdóttir og starfsmaður er Marta Þórudóttir. Umsjónarmaður, í samráði við félagsmiðstöðvarráð og skólastjórnendur, mótastarfið. Þessir þættir eru uppistaðan í félagsstarfinu:

- Opið hús er haldið að meðaltali sex sinnum í mánuði.
- Aðrir viðburðir eru haldnir nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Fulltrúar unglingastigs í félagsmiðstöðvarráði halda fundi nokkrum sinnum yfir skólaárið ásamt umsjónarmanni félagsmiðstöðvar. Hlutverk þeirra er að taka þátt í skipulagi tómstundastarfsins og koma sjónarmiðum nemenda á framfæri.

Félagsmiðstöðin er opin tvisvar í viku fyrir nemendur miðstigs milli kl. 14 og 16.

## Skólaferðalag 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag innanlands í maí. Skólinn greiðir fyrir fararstjórn tveggja starfsmanna í fjóra daga.

Skipulag skólaferðalags miðast alfarið við þá fjármuni sem til eru í ferðasjóði og skal kostnaður við ferðina ekki vera hærri en sjóðurinn getur greitt. Er þá átt við heildarkostnað við ferðir, fæði, gistingu og afþreyingu. Verði afgangur af ferðasjóði rennur hann til góðgerðarmála samkvæmt ákvörðun bekkjarins.

## Fjársöfnun í ferðasjóð

Nemendur í 10. bekk hefja söfnun í ferðasjóð að hausti. Söfnun þeirra lýkur nokkru fyrir skólaferðalagið að vori. Söfnunin er skipulögð í samstarfi nemenda, foreldra þeirra, ritara og umsjónarkennara sem heldur utan um framkvæmdina. Ekki er hægt að ráðstafa fjármunum úr ferðasjóði nema með samþykki og vitund umsjónarkennara, nemenda og foreldra.

## Foreldrafélag (stjórn 2025-2026)

Stjórn Foreldrafélags Hrafnagilsskóla skipa:

Gunnbjörn Rúnar Ketilsson  
Heimir Heiðarsson  
Helena Sif Guðmundsdóttir  
Konny Bjargey Benediktsdóttir  
Omy Joel Cuevas Lantigua

## Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila og því þarf samstarf að vera náið.

Sameiginleg verkefni skóla og heimila eru m.a.;

- námsstuðningur og hvatning,
- að rækta mannkosti svo sem ábyrgð, virðingu, góðvild, hugrekki og visku,
- að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólastarfs,
- að hafa að leiðarljósi uppeldi þar sem meðalvegur er milli ofríkis og afskiptaleysis.

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

Að lágmarki hittast foreldrar og kennarar fjórum sinnum á vetri.

- Námskynning að hausti.
- Foreldrastefnumót í september/október í fjórum árgöngum.
- Tvö foreldrasamtöl.
- Kynning nemenda á námsverkefnum eða uppskeruhátíðir nemenda.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á skólaárinu. Það fyrra er í september og hið síðara í febrúar. Samtölin eru að jafnaði 20 mínútur að lengd og skrá foreldrar sig sjálfir í samtöl inni á mentor.is. Þetta skólaár eru samtalsdagarnir á vorönn tveir og munu nemendur mæta annan daginn í foreldrasamtal en hinn daginn taka þeir þátt í skapandi skólastarfi sem verður skipulagt af list- og verkgreinakennurum.

## Heimasíða

Á heimasíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Einnig birtast þar fréttir og myndir úr skólastarfinu. Slóðin er <https://krummi.is>.

## Kynningarfundir og foreldrafulltrúar

Námskynningar eru haldnar með foreldrum að lokinni skólasetningu. Þar eru áherslur í skólastarfi vetrarins kynntar. Á kynningunum velja foreldrar og forráðamenn tvo foreldrafulltrúa í hverjum bekk. Stjórn foreldrafélagsins boðar alla foreldrafulltrúa á sameiginlegan fund. Einnig eru foreldrafulltrúar tengiliðir umsjónarkennara við aðra foreldra og forráðamenn ef leita þarf aðstoðar við einstakar skemmtanir eða viðburði í skólalífinu.

## Mat á skólastarfi

Óskað verður eftir því við foreldra að þeir taki þátt í mati á skólastarfi m.a. með því að svara spurningum í gegnum vef annað hvort ár. Af og til er óskað eftir að foreldrar og forráðamenn meti ákveðna þætti í skólastarfinu eða viðburði. Í gæðaráði Hrafnagilsskóla situr fulltrúi foreldra.

## Samskipti milli heimila og skóla

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta. Umsjónarkennarar senda tölvupóst um skólastarfið að jafnaði vikulega. Stjórnendur senda fréttabréf tvisvar á önn. Foreldrar og forráðamenn geta ávallt hringt í skólann og beðið um samtöl eða að skilaboðum sé komið til starfsmanna.

## Vitnisburðarblöð

Nemendur fá vitnisburðarblöð eða skriflega umsögn við skólaslit að vori. Námsmat eftir haustönn er að finna inni á mentor.is. Í foreldrasamtölum er m.a. farið yfir námslega stöðu nemenda.

## Hagnýtar upplýsingar

### Skólaakstur

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans. Bílstjórar hringja ekki heim ef nemandi er ekki kominn á réttum tíma að þjóðvegi og eru foreldrar hvattir til að láta bílstjórana vita ef um forföll er að ræða. Símanúmer hjá Sérleyfisbílum Akureyrar er 550-0700 en símanúmer allra bíla er að finna á tímatöflu á heimasíðu skólans [krummi.is](https://krummi.is). Skólabílar bíða í 10 mínútur eftir að skóla lýkur. Allir skólabílar eru með bílbelti og er nemendum skylt að nota þau.

Ef nemendur eiga að fara annað en heim og bætast við í skólabíl, þarf að hafa samband við bílstjóra eða skrifstofu SBA. Bílstjórum er ekki leyfilegt að taka fleiri farþega en þeir geta tekið í sæti í hverjum bíl.

### Upplýsingar vegna veðurs og aksturs

Upplýsingar um akstur, veður og færi eru birtar á heimasíðu skólans, Facebook síðu skólans og með tölvupósti til aðstandenda þá morgna sem tvísýnt er um veður og færð og tafir eru fyrirsjáanlegar á áætlun. Einnig er hægt í flestum tilfellum að hringja í skólann og fá upplýsingar hjá ritara frá kl. 7:30.

### Frístund

Frístund er starfrækt í Hrafnagilsskóla. Þar býðst nemendum í 1.-4. bekk að dvelja eftir skóla frá kl. 14:00 til kl. 16:00. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni. Foreldrar og forráðamenn geta valið um þrenns konar dvalartíma, tvo, þrjá eða fimm daga.

Ekki er dregið frá mánaðargjaldi þótt barn sé veikt eða í leyfi einhverja daga. Foreldrar og forráðamenn geta þó sótt sérstaklega um niðurfellingu gjalda ef veikindi vara lengur en 2 vikur samfellt. Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega.

Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla og frístundar. Til að njóta afsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns (greiðanda) og með sama lögheimili.

Starfsmenn frístundar eru: Marta Þórudóttir, Arnór Gauti Kristinsson, Thelma Rán Brynjarsdóttir, Aríel Uni Einvarðsson og Gabriel Lukas Freitas Meira.

Starfsfólk frístundar kemur börnum á íþróttæfingar hjá U.m.f. Samherjum óski foreldrar og forráðamenn þess.

**Afar mikilvægt er að tilkynna tímanlega til ritara tilfallandi breytingar á dvalartíma t.d. ef börnin eiga að koma heim strax að skóla loknum eða eru að fara í heimsókn til annarra barna.**

Hægt er að breyta mánaðarlegri skráningu með því að senda tölvupóst á [nanna@krummi.is](mailto:nanna@krummi.is) fyrir 25. næsta mánuð á undan og tilgreina dvalartíma barnsins. Sé ekki haft samband er litið svo á að um óbreyttan tíma verði að ræða.

Hægt er að hafa samband við starfsmenn í síma 464-8103 og einnig er hægt að senda póst á [nanna@krummi.is](mailto:nanna@krummi.is).

### Dagatal í frístund 2025-2026

22. ágúst – skólasetning, frístund lokuð.

2. sept. – útivistardagur, frístund opin.

29. sept. – foreldrasamtöl, frístund opin frá kl. 8:00-16:00 \*

15. okt. - frístund lokar kl. 15:00.

16.-17. okt. – starfsdagar, frístund lokuð.

22. og 21. okt. – vetrarfrí, frístund lokuð.

14. nóv. - Dagur íslenskrar tungu - frístund opin.

19. des. – litlu jólin, frístund lokuð.

22. des.- 2. jan., jólaleyfi, frístund lokuð.

2. jan. - starfsdagur, frístund lokuð.

2. feb. - starfsdagur, frístund lokuð.

3. og 4. feb. – foreldrasamtöl, frístund opin frá kl. 8:00-16:00 \*

18. feb. – öskudagur, frístund lokuð.

19. og 20. feb. - vetrarfrí, frístund lokuð.

3. mars – útivistardagur, frístund opin.  
28. mars – 6. apríl – páskaleyfi, frístund lokuð.  
4. júní – síðasti skóladagur nemenda, frístund opin.

\*Skrá þarf börn hjá starfsmönnum frístundar eða ritara þá daga sem eru stjörnumerktir og greitt er sérstaklega fyrir þá.

### Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Þurfi nemendur að hafa peninga með sér í skólann eru þeir hvattir til að biðja kennara, skólaliða eða ritara að geyma þá fyrir sig og skilja aldrei eftir verðmæti í yfirhöfnum.

### Símafrí

Notkun farsíma snjalltækja er nemendum óheimil í skólanum nema í sérstökum tilvikum. Ef símar eru notaðir í leyfisleysi á skólatíma verða þeir teknir í vörslu starfsfólks þar til skóladegi lýkur. Nemendur á miðstigi geta fengið að geyma síma í þar til gerðri kórðu á skólatíma og nemendur á unglingastigi geta geymt síma í læstum skápum.

### Símtöl

Nemendur geta hringt hjá ritara ef nauðsyn krefur og foreldrar geta jafnframt komið boðum til barna sinna hjá ritara.

### Heimsóknir eftir skóla

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi foreldra **áður** en þeir koma í skólann en ekki að ákveða með heimsóknir samdægurs.

### Fatnaður og óskilamunir

Áríðandi er að merkja vel skólatöskur, skó, föt, íþróttafatnað og handklæði. Óskilamunir eru geymdir í skáp á miðstigsgangi og eru foreldrar hvattir til að leita þar ef þeir sakna einhvers. Óskilamunir tengdir íþróttum eða sundi geta einnig verið í íþróttamiðstöð.

Nokkrum sinnum á ári eru óskilamunir lagðir fram til sýnis í skólanum s.s. þegar foreldrasamtöl eru, á Degi íslenskrar tungu og á skólaslitum.

### Forföll kennara

Reynt er að útvega kennara í forföllum. Ekki er hægt að reikna með að það takist í öllum tilvikum, enda er fyrirvari oft skammur. Ef fella þarf niður kennslu hjá yngri nemendum og skólabílar aka fyrr heim er gengið úr skugga um hvort einhver sé heima áður en þeir eru sendir heim.

### Forföll nemenda

Veikindi og forföll skal tilkynna að morgni til skrifstofu skólans eða með því að senda veikindatilkynningu í gegnum Mentor. Jafnframt eru foreldrar beðnir um að láta skólabílstjóra vita.

Þegar nemendur koma í skólann að nýju eftir veikindi þurfa þeir að hafa heilsu til að taka þátt í öllu skólastarfi samkvæmt stundaskrá og útiveru í frímínútum nema í sérstökum tilvikum.

Nemendaleyfi eru veitt til nauðsynlegra erinda en mælst er til þess að leyfisbeiðnum sé haldið í lágmarki. Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að fara fram á þær óskir með góðum fyrirvara sé þess nokkur kostur. Foreldrar sækja skriflega um leyfi hjá skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra ef óskað

er eftir leyfi meira en tvo daga, annars nægir að fá leyfi hjá umsjónarkennara eða ritara. Eyðublað fyrir óskir um leyfisveitingu er að finna á heimasíðu skólans [www.krummi.is](http://www.krummi.is).

Í 15. grein grunnskólalaga frá 1. júlí 2008 er kveðið á um slík leyfi:

*Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

## Nesti

Öllum er það nauðsynlegt að fá hressingu í skólanum og er þá annað hvort hægt að hafa með sér nesti eða vera í ávaxtaáskrift í skólanum. Nemendum á unglingastigi og miðstigi býðst að fá sér hafragraut einn dag í viku. Einnig stendur nemendum til boða að fá mjólk í skólanum. Mikilvægt er að nesti að heiman sé hollt, t.d. smurt brauð, ávöxtur eða grænmeti. Kökur, sætt kex og sætir drykkir eru ekki leyfðir. Þó geta kennarar gert undantekningu á því við sérstök tilefni. Gosdrykkir og orkudrykkir eru aldrei leyfðir í skólanesti og ekki heldur sælgæti.

## Opnun skóla

Skólahúsið er opið frá klukkan 7:45 og skólaliðar annast gæslu frá kl. 8:00 þar til kennsla hefst klukkan 8:15.

## Óveður eða ófærð

Sú meginregla er höfð að leiðarljósi að aflýsa ekki skólanum vegna veðurs og ófærðar. Þurfi hins vegar að fella niður skólahald vegna veðurs eða ófærðar er það tilkynnt á heimasíðu skólans [krummi.is](http://www.krummi.is) og tilkynning send foreldrum og forráðamönnum í gegnum Mentor. Veður og færð getur verið mjög mismunandi í Eyjafjarðarsveit. Í hluta sveitarinnar getur verið ferðaveður á meðan ekki er um það að ræða annars staðar. Það er foreldra að meta hvort þeir sendi börn sín í skóla og eru þeir beðnir að tilkynna það ef þeir telja nauðsynlegt að halda börnunum heima.

Þurfi að senda nemendur fyrr heim vegna veðurs eða veðurspár er gengið úr skugga um að foreldrar nemenda fái vitneskju um það.

## Námsgögn og skólabækur

Nemendur fá öll námsgögn og allar námsbækur í skólanum foreldrum að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að nemendur fari vel með allar bækur og öll námsgögn. Verkefnabækur fá nemendur til eignar en lesbækur eru notaðar á milli ára.

## Skólahúsnaði

Hver bekkur hefur sína heimastofu, 8.-10. bekkur á neðri hæð íþróttahúss, 1.-4. bekkur í suðurálmum og 5.-7. bekkur í miðju hússins. Þar eru einnig skrifstofur, vinnurými kennara, kaffistofa starfsfólks, aðsetur hjúkrunarfræðings og textílmennstofa. Á neðri hæð íþróttahúss er tölvustofa, myndmenntastofa, bókasafn og félagsmiðstöð unglunga. Að auki er kennt í íþróttahúsi og sundlaug. Tónmenntastofa og heimilisfræðistofa eru á jarðhæð í vesturálmum heimavistarhúss ásamt skóladeild Bjargeyjar frá Laugalandi og frístund. Smíðar eru kenndar í kjallara norðurálmum heimavistarhúss. Framkvæmdir við skólahúsnaði standa yfir og óhjákvæmilega getur orðið ónæði af þeim.

## Skólalóð

Leiksvæði nemenda er kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara.

## Skrifstofa

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:40-15:30 mánudaga til fimmtudaga en til kl. 14:30 á föstudögum.

## Útivist og klæðnaður

Nemendur í 1.-7. bekk fara út í frímínútur daglega. Einnig fer kennsla stundum fram utandyra, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brýnt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi.

## Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur skólans er Þorgerður Hauksdóttir. Hún er við annan hvorn þriðjudag frá kl. 8:00 – 14:30 og alla föstudaga kl. 8:00 – 14:00.

## Móttöku- og tilfærsluáætlun

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðuð í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist öðrum nemendum og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja viðkomandi um skólann fyrstu dagana.

Nemendur í 1. bekk hitta elsta árgang á leikskólanum Krummakoti í nokkur skipti og vinna að fjölbreyttum verkefnum saman.

Foreldrum verðandi 1. bekkinga er boðið á kynningarfund í skólanum að vori.

## Rýmingaráætlun

Í öryggisráði sitja Ólöf Ása Benediktsdóttir skólastjóri, Davíð Ragnar Ágústsson umsjónarmaður Eignasjóðs og Tryggvi Jóhann Heimisson öryggisfulltrúi skólans.

Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaræfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári.

## Samstarfsaðilar

### Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Í tónlistarskólanum er boðið upp á kennslu á flest öll algengustu hljóðfæri. Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að nemendur sækja tónlistartíma á skólatíma og eru þá teknir út úr kennslustundum.

Tónleikar eru fastur þáttur í starfsemi tónlistarskólans og koma tónlistarnemendur auk þess reglulega fram á samverustundum.

Skólastjóri er Guðlaugur Viktorsson og aðstoðarskólastjóri Helga Kvam.

Sími skólans er 464 8110 og farsími skólastjóra er 898-0525.

Netfang skólans er te@krummi.is



## Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar

Hrafnagilsskóli er í góðu samstarfi við Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar. Sameiginleg afnot eru af íþróttasal, búningsklefum og sundlaug. Starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar sér um gæslu í búningsklefum fyrir og eftir íþróttatíma og sund.

Forstöðumaður er Karl Jónsson [itrottamidstod.forstodumadur@esveit.is](mailto:itrottamidstod.forstodumadur@esveit.is)

## Ungmennafélagið Samherjar

Ungmennafélagið Samherjar sér um skipulagðar íþróttæfingar og eru þær tímasettar í beinu framhaldi af skóladegi ef hægt er annars seinna að deginum. Reynt er að skapa samfelldan viðverutíma. Heimasíða Samherja er <http://www.samherjar.is>.  
formaður Samherja er Sigurgeir Sveinn Gíslason.

Í 33. grein grunnskólalaga um tómstundastörf og lengda viðveru segir:

*Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.*

## Leikskólinn Krummakot

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Hrafnagilsskóla hafa verið í leikskólanum Krummakoti. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla.

Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik. Stjórnendur skólanna, umsjónarkennari 1. bekkjar og leikskólakennarar skipuleggja samstarfið ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í leikskólanum og úti við í nágreppi skólanna. Jafnframt fá verðandi 1. bekkjar kynningu á húsakynnum skólans. Börn sem ekki eru í leikskólanum en eiga að hefja skólagöngu árið eftir eiga þess kost að taka þátt í þessu starfi.

Leikstjórastjóri er Erna Káradóttir.

## Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla 2025 – 2026

Október/ nóvember – nemendur 1. bekkjar fara í heimsókn í Krummakot og leika inni eða úti.

14. nóvember – leikskólanemendum boðið á sýningu e.h. á Degi íslenskrar tungu.

Nóvember – nemendur 7. bekkjar hefja undirbúning fyrir upplestrarkeppnina. Þeir skiptast á að fara í leikskólann og lesa fyrir leikskólanemendum fram á vor.

Desember – nemendur 1. bekkjar og elstu leikskólabörnin skiptast á jólakortum.

Desember – nemendur 6. bekkjar aðstoða leikskólanemendur við jólaföndur í leikskólanum.

Janúar – samstarfsverkefni 1. bekkjar og elstu nemenda í leikskóla hefst.

Að vori – elstu leikskólanemendur fara í heimsóknir í Hrafnagilsskóla, m.a. fara þeir í hádegismat í mötuneyti, fara í frístund, tómstundahringekju og leika á skólalóðinni.

## Framhaldsskólar

Reglulega fara fram kynningar á framhaldsskólum á svæðinu fyrir nemendur á unglingastigi.

Nemendur 10. bekkjar fara að vori í heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Akureyri. Í skólunum fá nemendur kynningu á skólastarfinu og ganga um skólabyggingarnar.

Fulltrúar Menntaskólans á Laugum og Menntaskólans á Tröllaskaga halda reglulega kynningar á skólastarfi sínu á samverustund á unglingastigi.

## Aðrir samstarfsaðilar

Slökkvilið Akureyrar kemur í desember með eldvarnarfræðslu í 3.bekk.

Hjálparsveitin Dalbjörg kemur að fræðslu um öryggismál. Einnig hefur hjálparsveitin fært nemendum endurskinsmerki á haustin.

## Sérfræðipjónusta

Í gildi er samningur Eyjafjarðarsveitar við Akureyrarbæ um þjónustu og ráðgjöf við grunn- og leikskólann. Í honum felst sérkennslu- og sálfræðiráðgjöf vegna einstakra nemenda. Í 40. grein grunnskólalaga segir: *Sérfræðipjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.*

## Símenntunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 120 - 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo megin þætti, annars vegar símenntun sem skólastjórnendur ákvarða og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjórnendur meta almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

## Skólaárið 2025 – 2026

**Tölvur og upplýsingamennt/Eymennt.** Skólinn er í samstarfi við nokkra aðra skóla í Eyjafirði um endurmenntun fyrir kennara. Menntabúðir Eymennt um tölvu- og upplýsingamennt eru haldnar 2-3 sinnum yfir árið.

### **Umbótaverkefni um hæfnimiðað nám og kennslu.**

Með tilkomu endurskoðaðrar aðalnámskrár grunnskóla er mikilvægt að kennarar og starfsfólk þekki endurskoðuð hæfni- og matsviðmið, endurskoði sjálft þau viðmið sem skólinn notar og um leið endurskoði þá starfs- og kennsluhætti sem þeir nota.

Ákveðið var fara í endurmenntunarferð til Reykjavíkur og í Reykjanesbæ til þess að skoða íslenska skóla sem vinna skipulega með hæfniviðmið og læra af þeim kennurum sem vinna faglega með aðalnámskrána. Farið verður í Urriðaholtsskóla í Garðabæ og Stapaskóla í Reykjanesbæ. Einnig fær starfsfólk stutt námskeið á vegum KVAN um liðsheild, samskipti og uppbyggilegt andrúmsloft á vinnustað.

Styrkur fyrir hluta af verkefninu fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

### **Jákvæð samskipti og liðsheild.**

Til þess að efla enn frekar góða liðsheild innan starfsmannahópsins og bæta samskipti var ákveðið að fara í samstarf við Heilsu- og sálfræðipjónustuna. Fagfólk á þeirra vegum kemur með fræðslu fyrir allt starfsfólk að hausti og í kjölfarið fá öll kennarateymi fundi með fagfólki um samstarf og samskipti innan teymanna. Áhersla er lögð á að starfsfólk tileinki sér hreinskiptin samskipti, virðingu og fagmennsku.

### **Bókmenntahátíð barnanna.**

Hrafnagilsskóli í samstarfi við fjóra skóla á Norðurlandi eystra hlaut veglegan styrk til verkefnisins Bókmenntahátíð barnanna. Rithöfundarnir Þórunn Rakel Gylfadóttir og Berglind Erna Tryggvadóttir leiða verkefnið og munu leiðbeina nemendum og kennurum í skapandi skrifum og bókagerð á haustönn. Verkefninu lýkur með Bókmenntahátíð barnanna sem fer fram í Hrafnagilsskóla í desember 2025. Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu með Hrafnagilsskóla eru Grenivíkurskóli, Valsárskóli, Stórutjarnaskóli og Reykjahlíðarskóli.

### **Skólanefnd**

Skólanefnd Eyjafjarðarsveitar fer með málefni Hrafnagilsskóla. Í nefndinni sitja fimm aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn fulltrúi kennara grunnskólans og einn fulltrúi foreldra sem skipaður er af stjórn Foreldrafélags Hrafnagilsskóla. Áheyrnarfulltrúar leikskólans eru tveir þ.e. fulltrúi starfsfólks og fulltrúi Foreldrafélags Krummakots. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

#### **Í skólanefnd sitja:**

Anna Guðmundsdóttir formaður  
Hafðís Inga Haraldsdóttir  
Sigurgeir Sveinn Gíslason  
Sóley Kjerúlf Svansdóttir  
Guðmundur Óskarsson

Auk þeirra starfar skólastjóri Ólöf Ása Benediktsdóttir með nefndinni ásamt Ernu Káradóttur skólastjóra Krummakots. Fulltrúar kennara og foreldra leik- og grunnskóla hafa rétt til setu á skólanefndarfundum. Fulltrúi kennara Hrafnagilsskóla er Dagmar Þóra Sævarsdóttir og varamaður er Hjördís Óladóttir.

### **Skólaráð**

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og er ráðið skipað 9 fulltrúum skólasamfélagsins. Hlutverk þess er að vera umsagnaraðili um starfsáætlanir skólans, koma að stefnumótun skólastarfsins og fylgjast með framkvæmd þess. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um meiriháttar breytingar sem fyrirhugaðar eru á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.

#### **Í skólaráði sitja:**

Adda Bára Hreiðarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins  
Páll Pálsson, kennari  
Ólöf Ása Benediktsdóttir, skólastjóri  
Guðný Jóhannesdóttir, kennari  
Margrét B. Aradóttir, fulltrúi annars starfsfólks en kennara  
Helena Sif Guðmundsdóttir, fulltrúi Foreldrafélags Hrafnagilsskóla  
Kristín Harpa Friðriksdóttir, fulltrúi nemenda  
Haukur Skúli Óttarsson, fulltrúi nemenda

## Áætlun um innra mat

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum.

Langtímaáætlun um innra mat nær til fimm ára og er birt á heimasíðu skólans.

Á skólaárinu 2025 – 2026 verða eftirfarandi áhersluatriði til skoðunar í innra mati. Áætlunin helst í hendur við áherslupætti í skólaþróun hverju sinni. Innra mats skýrsla fyrir skólaárið 2024-2025 ásamt umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 má finna á [heimasíðu skólans](#) með ítarlegri útlistun á umbótum skólaársins.

Matsáætlun skólaársins 2025-2026 skiptist í þrjá hluta:

### I hluti – Stjórnun og fagleg forysta

1. Fagleglegt samstarf og samvinna.
2. Umbætur og innleiðing breytinga.
3. Starfsmannastjórnun og verkaskipting.
4. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks.

### II hluti – Náms og kennsla

1. Inntak og námskrá.
2. Námsvitund.
3. Ábyrgð og þátttaka.

### III hluti – Innra mat

1. Skipulag.
2. Framkvæmd.
3. Umbætur.